

Verkefni


- 1** Segðu frá John Maynard Keynes.
- 2** Hver voru merkustu verk hans?
- 3** Hverjar voru kenningar klassisku hagfræðinnar um orsakir atvinnuleysisins?
- 4** Hvaða ráð taldi klassiska hagfræðin duga við atvinnuleysinu?
- 5** Hvernig var kenning Keynes um orsakir atvinnuleysisins í krepunn?
- 6** Hver voru ráð hans við atvinnuleysinu?

Verðbólga**17****Visitala neysluvöruverðlags**

Verðbólga er hækjun á almennu verðlagi á einu ári eða á 12 mánaða tímabili. Hún er mæld með visitólu neysluvöruverðlags sem er visitala sem sýnir breytingar á verðlagi allra þeirra vara og þjónustu sem íslenskar félagskyldur eyða tekjuna sínum í. Til að reikna út verðbólguna eru breytingar á verði hvarr voru og þjónustu margfaldaðar með því vægi sem viðkomandi vara og þjónusta hefur í meðaltalseyðslu félagskyldna á landinu.


Ef öll eyðsla Íslendinga fer til kaupa á matvörum og ef matvaran hækkar á 12 mánaða tímabili um 5% er verðbólga í landinu líka 5%. Ef 20% af eyðslu okkar fara í matarkaup, eða einn fimmstí af allri eyðslunni, veldur 5% hækjun á matvörum 1% hækjun á almennu verðlagi. Verðbólgan vegna hækjunar á matarverði væri því 1%.

Einu sinni í mánuði er kannað hversu mikil verðið á hverjum titigaldalid í eyðslu okkar hefur breyst frá mánuðinum á undan. Þessar hækkanir eða lækkanir eru síðan margfaldaðar með því vægi sem hver þjónusta eða vara hefur í heildareyðslunni. Allar þessar vegnu hækkanir og lækkanir eru lagðar saman til að reikna út verðbólguna eða verðhjóðunina á tímabilinu.



Mynd 17.1 Árleg verðbólga¹

Mynd 17.2 Verðbólgan
á Íslandi 1945–2007²



Verðbólgan á Íslandi hefur verið mikil í samanburði við verðbólgan nágrannajöfðanna. Frá 1945 til 2006 var hún að meðaltali 15,7% ári. Hún náði hámarki árið 1983 en þá fór hún upp í 83%. Undanfarin ár hefur verulega hægt á verðbólgunni og á tímabílinu frá 1999 til 2007 er meðaltalsverðbólgan 4,6%, sjá mynd 17.1.


Á mynd 17.2 má sjá verðbólguþróunina hér á landi frá striðslokum. Verðbólgan á árunum 1999 til 2007 er að meðaltali 4,6% sem er minna en 1/3 af meðaltali undanfarandi 62 ára. Þessi tala er samt næstum tvífalt hærri en verðbólgunumarkmið Seðlabankans sem er 2,5%. Seðlabankinn stefnir að því að verðbólgá, reiknuð sem áleg hækkan visitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2,5%.

Hverjar eru helstu orsakir verðbólgunnar?


Ýmsar kenningar eru uppi um orsakir verðbólgunnar. Ef skoðað er framboð og eftirspurn á markaði er augljóst að aðeins tvennt getur hækkað verð á markaði. Annars vegar hækkar verðlagið vegna aukinnar eftirspurnar og hins vegar veldur minnkandi framboð verðhækkun.

Tvær kenningar skyra verðbólguna á pennan hátt. Sú fyrri telur að verðbólgan orsakist af aukinni eftirspurn í hagkerfinu, sjá mynd 17.3a. Eftirspurnin er eins og aður segir vilji og geta kaupenda á markaði til að kaupa vörur og þjónustu. Hún kemur fram þegar kaupendurnir leggja peningana á borðið. Það er því aukin eyðsla sem orsakar aukna eftirspurn og veldur hærra verðlagi.

² *Peningamál 2008:1*, bls. 126.



Mynd 17.3 a) Eftirspurnarverðbólgan




Mynd 17.3 b) Eftirspurnarverðbólgan þegar eftirspurnin er aukin við fulla atvinnu

Sjá má hvernig heildareftirspurnarkúrvan færst til hægri þegar eftirspurnin eykst, en þetta veldur hækkun á verðlaginu um V_1V_2 . Þjóðarframleidslan vex samhlíða því hér eru vannýttir framleðsluþættir. Á mynd 17.3 b) má sjá afleiðingar aukinnar eftirspurnar við fulla atvinnu. Ef framleðslugetan er fullnýtt er framboðskúrvan lóðrétt og þegar eftirspurnin vex við slikar aðstæður verða afleiðingarnar aukin verðbólgá en magni þjóðarframleðslunnar breytist lítið sem ekkert.

Hvaða aðilar geta með aukinni eyðslu sinni hækkað verðlagið í landinu og þannig valdið verðbólgu? Við skulum rifja upp hvernig þjóðarframleidslan er reiknuð út frá eyðsluhlöðinni. Heildareyðslan í þjóðfélaginu er samanlögg eyðsla neystanda, fyrirtækja, opinberra aðila og útlendingar sem kaupa af okkur útfloftning og skapa hér eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Hugsanlegar rætur svokallaðar eftirspurnarverðbólgu er því öll aukning á eyðslu þessara aðila. Aukin útgjöld hins opinbera, launahækkanir, lægri beinir eda óbeinir skattar, vaxtalekkanir, bætt aðengi að lánamörkuðum, auknar fjárfestingar og auknar útfloftningstekjur – allt þetta eykur eftirspurnina í hagkerfinu og getur þannig hvert um sig valdið verðbólgu í landinu.

Hvernig drögum við úr verðbólgu sem orsakast af aukinni eftirspurn? Til að draga úr eftirspurnarverðbólgu má til dæmis hækka skatta og/eða draga úr útgjöldum ríksins og draga pannig



Mynd 17.4 Kostnaðarverðbólga

framboð leiðir til haerra verðlags. Allt sem eyrkur kostnað fyrirtækjanna, og minnkar þar með hagnaðinn, ferir framboðskúrvuna upp, þ.e. dregur úr áhuga fyrirtækisins á óframleida vörurna og sefið hana á markað á því verði sem fyrir er.

Hælstu kostnaðarliðir fyrirtækjanna eru laun, hráefni, leiga, afskriftir, vextir og skattar. Hækkan á mikilvægum kostnaðarliðum fyrirtækjanna, t.d. launakostnaði eða vöxtum, getur aukiað framleiðslukostnaðinn til muna. Fyrirtækjan reyna að velta þessum aukna kostnaði út í verðlagið með því að hækka verðvörunnar en það fer að sjálfsgöðu eftir aðstæðum á markaði hvort það er mögulegt. Ef fyrirtækjan eru í mikilli samkeppni við erlenda og innlenda framleiðendur er erfitt að hækka verð og fyrirtækjan geta jafnvælu verið tilneydd til að hætta rekstri.

Launayerðbólga

Ein tegund kostnaðarverðbólgu er svokölluð **launaverðbólg** sem stafar af launahækjunum sem fyrirtækini geta ekki tekið á sig án þess að hækka voruverðið. Þegar fyrirtækini velta launahækjunum út í verðlagið verður afleiðingin kostnaðarverðbólga.

Stundum er kostnaðarverðbólga innflutt. Þegar verð á ólú hækkar á heimsmarkaði hækkar kostnaður heimilana og syrtækjanna í landinu. Þetta á sérstaklega við í löndum sem eru mjög háð innflutningi á ólú. Verð hækkar á þeim vörum sem fyrirvakt framleidu í kjólfar óliuverðhækkananna.

fjárfestingar sem dreger úr hagvexti

170

úr eftirspurninni. Einnig má hækka vexti en það dregur úr fjárfestingum fyrirtækja og einstaklinga og dregur úr kaupmætti þeirra sem þurfa nú að greiða hærri vexti af lánum. Gallinn við þessar aðgerðir er auðvitað sá að þær geta um leið skapað atvinnuleysi og dregið úr hagvexti.³

Kostnaðarverðbólga

Seimni kenningin um hugsanlegar orsakir verðbólgunnar heldur því fram að það sé hækkun á einhverjum kostnaðarliði fyrirtakianna sem valdi verðbólgunni.

Á mynd 17.4 sést hvernig minnkandi erra verðlags. Állt sem eykur kostnað fyrirtækjrar með hagnaðinn, færir framboðskurvuna áhuga fyrirtækisins á að framleið vörurna og á því verði sem fyrir er.

Það sama á við ef innflutningur hækkar í verði, annaðhvort vegna verðhækkanu erlendis eða vegna lækkunar á gengi krónunnar. Ef gengi krónunnar lekkar um 20% kostar einn dollar, sem áður kostðaði 60 krónur, nú um 72 krónur.⁴ Við þetta hækkar allur innflutningur okkar á neysluvörum smátt og smátt um 20% í verði.

Við þurfum einnig að fleyja inn til landsins mórg hráefni og rekstrarvörur þannig að 20% gengislakkun leiðir fljótlega til 6-7% verðbólgu. Þetta stafar af því að um það bil einn þriðji hluti þjóðarframlæðisunnar fer til kaupa á innflutningi. Þetta eru auðvítða ekki mjög nákvæmir útreikningar en duga samt nokkuð vel til að spá fyrir um áhrif gengislakkana á verðbólguuna í landinu.

Erlendu lárin sem fyrirtæki og einstaklingar hafa tekið hækka samtímis um 20% í íslenskum krónum. Þetta eru kostnaðarhækkanir bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Ef við viljum draga úr kostnaðarverðbólgu þarfum við að draga úr markaðsvaldi því kostnaðarverðbólgá stasaf af getu eigenda framleiðslupáttanna til að hækka verðið þótt eftirsprung á markaði eftir framleiðslupáttum, vinnuafli, fjármagni og landgæðum, sé stöðug. Hér geta stjórnvöld t.d. notast við beinar íhlutani í formi laga sem skerða völd þessara aðila á markaðnum. Hér getur verið um að ræða sterk verkalýðssamtök, fákeppnifyrirteki eða einokunarfyrriteki sem ein selja ákvæðnar vörur eða þjónustu eða geta í krafti markaðsvalda skammtað aðgang að framleiðslubætti, t.d. oflu eða vinnuafli.

Af hverju er okkur í nöp við verðbólquna?

Okkur er illa við verðbólgu vegna þess að allt verðlag hækkar ekki jafnmikið á sama tíma. Ef tekjur okkar, allar greiðslur frá Tryggingastofnun, vörurnar sem við kaupum, húsaleigan, vextirni, útflutningsvörurnar og innflutningurinn, hækkuðu öll jafnmikið á hverju ári, t.d. um 3%, væri verðbólgan ekki verulegt vandamál.

Það eru þrjár ástæður fyrir því að stjórnvöld hafa nokkrar

¹ Gengi krónunnar er verð á krónum í erlendri mynt. Ef krónan lækkar verður hún verðominni, þess vegna burfum við fíeiri íslenskar krónur til að kaupa einn dollar eftir gencislækkunina.

áhyggjur af verðbólgunni og allar tengjast þær þeirri staðreynd að verðlag hækkar mismikið.

1. Menn óttast áhrif verðbólgunnar á tekju- og eignaskiptinguna

Hvort menn hagnast eða tapa á verðbólgunni fer eftir því að hverju þeir hafa tekjur sínar, hvernig þeir geyma eignir sínar og hversu mikil þeir skulda. Ef eignir þeirra hækka meira í verði en skuldirnar geta þeir hagnast. Þeir sem hafa launatekjur hagnast ef launin hækka meira en verðlagið því að þá vex kaupmáttur launanna. Ef þeir fá leigutekjur eða vaxtatekjur tapa þeir á verðbólgunni ef leigan og vextirnir hækka minna en annað verð í landinu.

Ekki er auðvelt að sjá fyrir hverjir tapa og hverjir græða á verðbólgtínum. Á miklum verðbólgtínum, t.d. á árunum 1970–1989, töpuðu þeir miklu sem áttu eignir sínar inni á óverðtryggðum reikningum í bónkum landsins, svo og þeir sem greiddu mánaðarlega inn í óverðtryggða lifeyrissjóði.

Þeir sem græddu á verðbólgunni voru þeir sem höfðu aðgang að óverðtryggðum lánum sem brunnu nú upp fljótt og vel. Þetta var m.a. ungt fólk sem höfði aðgang að óverðtryggðum lánum úr lifeyrissjóðum til fbúðakaupa eða námsmenn sem fengu óverðtryggð langtímalán hjá LÍN (Lánaþjóði íslenskra námsmanna) á nánast engum vöxtum.

2. Menn óttast áhrif verðbólgunnar á viðskiptajöfnuðum
Ef verðlag og framleiðslukostnaður á Íslandi hækkar meira en verðlagið í viðskiptalöndunum eykst innflutningur og útflutningur dregst saman. Innflutt kex verður ódýrari og betri kostur en innlent kex og fiskurinn okkar verður dýrari á heimsmarkaði en fiskur sem kemur frá löndum þar sem verðbólgan er minni. Okkar vörur geta ekki keppt á erlendum mörkuðum og því er hætta á viðskiptahalla⁵ þegar innflutningur eykst og útflutningur dregst saman.

3. Menn óttast líka áhrif verðbólgunnar á hagvöxtinn
Ört hækkandi verðlag dregur úr sparnaði því að enginn vill

⁵ Útlutningsverðamætið er minna en verðmæti innflutnings svo að taka verður erlend lán fyrir mismunum.

geyma peninga þegar vörurnar verða dýrari með degi hverjum og kaupmátturinn minnkar. Verðbólgan hvetur til eyðslu og minnkar þannig sparnað. Þegar sparnaður minnkar fara vextir hækkandi því að vextir eru verð á peningum og minni sparnaður þýðir minna frambod að lánsfé í bankakerfinu. Hærrí vextir draga úr fjárfestingum þegar lánið verða dýrari og því verður erfidara að byggja verksmiðjur og kaupa vélar eða ibúðir.

Par sem auknar fjárfestingar eru ein meginleidiðin til að auka hagvöxt getur aukin verðbólga dregið úr hagvexti. Miklar verðhækkanir gera ætlanir fyrirtækja cinnig erfidari og geta ýtt undir rangar ákvæðanir í rekstri og fjárfestingum. Þessi kenning um áhrif verðbólgunnar á hagvöxt gerir ekki ráð fyrir því að bankar og aðrar lánastofnanir geti leitað til annarra landa til að taka þar lán á lægri vöxtum, en frjálsir fjármagnsflutningar milli Íslands og annarra lands urðu almennir hér á landi um og eftir 1995.

Önnur tilgáta um tengsl verðbólgu og hagvaxtar segir að verðbólgan sé fylgifikasikur hagvaxtarins. Þegar mikil eftirspurn er í þjóðfélaginu og lítið atvinnuleysi er oftast mikill hagnaður hjá fyrirtækjunum. Við slík skilyrði riskir bjartsýni hjá fyrirtækjum og einstaklingum um framtíðina. Það er við slíkar aðstæður sem fyrirtæki og einstaklingar fjárfesta mest. Fyrirtækin þurfa að endurnýja vélar og búnað örarár á þensluskeiðum vegna mikillar nýtingar. Þessar nýju fjárfestingar skapa hagvöxt. Verðbólgan orsakar ekki hagvöxtinn en hún er fylgifikasikur þenslu og fullrar atvinnu sem hvort tveggja hefur í för með sér auknar fjárfestingar og þar af leiðandi aukinn hagvöxt.

Flestir hagfræðingar telja að mikil aukning á peningamagni í umferð sé orsök verðbólgunnar. Seðlabankim getur aukið peninga í höndum fólkis með því að prenta peninga, með því að innleysa skuldabréf eða lekka bindiskyldehlutfallið og auka þannig möguleika viðskiptabankanna til útlána. Peningamagni í umferð vex fyrst og fremst þegar viðskiptabankarnir auka útlán sín. Í hvert skipti sem erlent lán er tekið vex peningamagnið í umferð hér á landi því að erlenda lánið er skipt yfir í íslenska peninga sem lagðir eru inn á íslenska banka og auka þar með útlánagetu bankakerfisins.

Óðaverðbólgan í Þýskalandi frá 1920 til 1923 var 36% fyrsta

Er peninga-
premium orsök
verðbólgunnar?

árið, 63% næsta ár á eftir og 3.300% árið 1923. Í september árið 1923 hækkaði verðlagið um 24.300%. Ástæðan var penningaprentun stjórnvalda, m.a. til þess að greiða skuldur ríkisins.

**Ofmetur vísitala
neysluvöruberðlags
verðbólguna?**



Í óðaverðbólgunni
var óðýrrara að brenna
peningum en kaupa
fyrir þá eldvið.

Þegar verðbólgan er mæld með eyðsluvísitolu, eins og vísitala neysluvöruberðlags, höfum við nákvæmar upplýsingar um neyslu vísitalufjölskyldunnar í viku hverri. Við vitum hve mörk kíló af kartóflum og hve marg að packa af kexi hún bordar og hve marga lítra af mjólk hún drekkur. Þegar þessar vörur hækka í verði þá mælum við áhrif verðhaekkananna í vísitolunni með því vegi sem hver vara hefur í vísitolunni. En eftirsturnarkúrvan segir okkur að þegar verðið hækkar kaupir fólk minna af þeim vörum sem hafa hækkað í verði. Vísitala neysluvöruberðlags sem mælir verðbólguna tekur ekki mið af því að fjölskyldan kaupir minna af kartóflum og meira af hrísgrjónum þegar verð á kartóflunum hækkar en verðið á hrísgrjónum stendur í stað.

Fólk kaupir alltaf minna þegar verðið hækkar og miklu minna ef varan hefur mikla verðteygni, t.d. af því að hún á sér marga staðgengla. Það er því líklegt að eyðsluvísitala, eins og vísitala neysluvöruberðlags, ofmeti verðbólguna þar sem hún tekur ekki mið af minni kaupum á þeim vörum sem hækka meira en aðrar

éða hafa meiri verðteygni. Á hverju ári koma líka ýmsar nýjungar á markaðinn en vísitolugrunnur⁶ sem er orðinn nokkurra mánaða gamall tekur ekki mið af breyttri neyslusamsetningu af þessum sökum.

Síðast en ekki sist ofmetur vísitalan verðbólguna því að verðhaekkun á sumum vörum stafar af því að nú erum við að greiða fyrir aðra og betri vörur en þá sem var á markaðnum árið

áður. Nýja gerðin af GSM-símanum er dýrari en gamla gerðin en þetta er líka allt annar sími því að nú er hann líka útvarp, myndavél, sjónvarp og tölva.

⁶ Vörurnar og þjónustan sem eru lagðar til grunncvalar þeigar vísitala neysluvöruberðlags er reiknuð.

Phillips-kúrvan og lóðréttu Phillips-kúrvan

Aðhvarfsgreining

Verkefni

- Hvað er verðbólga og hvernig mælum við hana? Hvers vegna er okkur illa við verðbólguna?
- Karlus og Baktus lifa eingöngu á hveitibrauði, kexi og sælgæti. Með þessu drekka þeir ekkert nema kók. Á hverju ári borda þeir alltaf það sama, 10 hveitibrauð, 20 kexpakka, 5 kiló af sælgæti og 60 flöskur af kók.

Vörutegund	Verð árið 2006	Verð árið 2007
1 hveitibrauð	200 kr	210 kr.
1 kexpakki	110 kr	150 kr
1 kg af sælgæti	2000 kr	2100 kr
1 kók	200 kr	210 kr.

Reiknaðu út verðbólguna í landi Karlus og Baktusar á þessum tólf mánuðum?

Sýndu verðbólguna líka með visitólu.

Hvers vegna er hætt við að þessi visitala ofmeti verðbólgunu?

- Gerðu grein fyrir tværnum kennungum um órsakir verðbólgunnar. Sýndu muninn á þeim með grófum.

4. Hver er verðbólgan á Íslandi í dag?

5. Hvert er verðbólgunumarkmið Sedlabanka Íslands?

⁷ Hugsáðu þér að þú fari í matvöruþúð og kaupir fyrir Karlus og Baktus allt það sem þeir borda og drekka árið 2006. Svo ferð þú aftur í sömu þúð ári síðana og kaupir sama magn en á nýju verði. Hækjunin á rekningnum á milli ára er reiknuð sem hlutfall af verðmæti fyrri innkaupasokans og er verðbólgan.

Árið 1958 birtist í tímaritinu *Economica* grein eftir nýsjálekskanum hagfræðing, A.W. Phillips (1914–1975), með yfirskriftinni „The Relation between Unemployment and the Rate of Change of Money Wage Rates in the UK 1861–1957“ (Sambandið á milli atvinnuleysis og launabreytinga í Bretlandi frá 1861 til 1957). Greinin olli miklu fjaðrafoki og varð uppsprettu rannsókná á sambandi atvinnuleysis og launahækkaná um viða veröld. Professor Phillips safnaði tölulegum upplýsingum um atvinnuleysi og launahækkanir í Bretlandi á tímabilinu frá 1861 til ársins 1957. Hann setti launabreytingarnar á y-ássinn og atvinnuleysið á x-ássinn og bjó síðan til einn punkt fyrir hvert ár. Hann beitti þar næst aðhvarfsgreiningu til að teiknu upp kúrvu sem lýsti sambandinu á milli þessara tveggja stærða eins vel og unnt var. Þetta gerði hann með því að lágmarka fjarlægðina úr hverjum punkti að kúrvunni. Hann komst að því að því lægra sem atvinnuleysið var á árinu þeim mun hærra voru yfirleitt launahækkanirnir það ár og það sama reyndist rétt þegar samband verðlags og atvinnuleysis var skoðað. Þessi kúrva er nefnd eftir professor Phillips og því kölluð Phillips-kúrvan.

Kúrvan sýnir fram á að markmiðin um fulla atvinnu og stöðugt verðlag stangast á. Ef stjórnvöld vilja hafa nær fulla atvinnu kostar þau alltaf einhverjar launa- og verðhækkanir. Ef þau vilja hafa stöðugt verðlag verða þau að greiða fyrir það með einhverju atvinnuleysi. Menn rannsókuðu samband launabreytinga og atvinnuleysis og verðlagsbreytinga og atvinnuleysis í